

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 12. mars 1997 • 10. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Bolungarvík

Áhaldahús rekið áfram

Bolungarvíkurbær hyggst ganga til samninga við Hólsvélar ehf., Sigurgeir Jóhannsson og Gámaþjónustu Vestfjarða um ýmsar verklegar framkvæmdir á vegum bæjarins. Blaðið hefur þetta eftir áreiðanlegum heimildum.

Sömu heimildir segja að Bolungarvíkurkaupstaður muni halda áfram rekstri

áhaldahúss og við það muni starfa tveir starfsmenn. Ákveðið hefur verið að selja vörubíl og gröfu í eigu bæjarins en ætlunin mun vera að bærinn eigi áfram tvær stórar hjóla-skóflur sem notaðar hafa verið til snjómoksturs en kaupa á umframþjónustu af verktökum þegar þörf þykir á.

Verkalýðsfélagið Baldur

Atkvæðagreiðsla vegna vinnustöðvunar

Atkvæðagreiðsla hjá verkalýðsfélaginu Baldri, vegna væntanlegrar vinnustöðvunar verkafólks, hófst á mánudag og mun ljúka í dag, miðvikudag. Ef vinnustöðvun verður samþykkt hefst verkfall hjá starfsfólki fiskvinnslufyrirtækja á Ísafirði þann 2. apríl n.k. Um 300 manns hafa rétt til atkvæðagreiðslu samkvæmt kjörskrá.

Á mánudag var haldinn fund-

ur með ríkissáttasemjara sem ekki skilaði árangri. Á þeim fundi munu fulltrúar vinnuveitenda hafa lagt fram tilboð sem hljóðaði upp á 4% kauphækkun við undirskrift samninga, 4% eftir næstu áramót og 3,5% ári seinna. Jafnframt var dregið úr vægi bónus samkvæmt tilboði þessu. Annar fundur með sáttasemjara var áætlaður á þriðjudag en ekki hafði fréttst af honum þegar blaðið fór í prentun.

Snjóflóð á Óshlíð

Snjómokstur stæki lokaðist milli flóða

Nokkur krapa- og snjóflóð féllu á Óshlíð aðfaranótt og að morgni s.l. laugardags og þar á meðal stórt flóð sem féll rétt hjá Skarfaskeri.

Vegagerðin hugðist opna veginn á laugardagsmorgun en varð frá að hverfa vegna snjóflóðahættu. Eitt moksturs-tækjanna lokaðist á milli flóða og þurfti ökumaður þess að leita skjóls í einum vegskálanum. Það var síðan um kl. 13:30 á laugardaginn sem óhætt var talið að opna veginn en eitt flóð til viðbótar mun hafa fallið

síðar um daginn.

Óshlíð hefur verið lokað tvo föstudaga undanfarnar þrjár vikur og svo nú hluta s.l. laugardags en það hefur komið sér illa fyrir fólk sem þarf að aka veginn vinnu sinnar vegna, en þó nokkrir Bolvíkingar stunda vinnu á Ísafirði og sömuleiðis Ísfirðingar í Bolungarvík.

Vonast menn nú til að veður fari að lagast en undanfarnar vikur hefur verið mjög umhleyppingasamt svo ekki sé meira sagt.



Sólríshátíð FVÍ lokið

Hinni árlegu Sólrísu Framhaldsskóla Vestfjarða lauk á helginni. Eitthvað mun veður hafa sett dagskrána úr skorðum og þurfti m.a. að fresta tónleikum Kolrösu Krókríðandi og kórs Menntaskólans við Hamrahlíð. Meðal þess sem nemendur hafa haft fyrir stafni síðustu viku er m.a. dans undir leiðsögn Heiðars Ástvaldssonar, rekstur útvarps MÍ-flugu og síðast en ekki síst uppsetning leikrítisins Leyndarmálið eftir Jónínu Leósdóttir.

Snjóflóðin í Súðavík 1995

Ekki tilefni til rannsóknar

Sjö manns, sem misstu aðstandendur í snjóflóðunum í Súðavík 16. janúar 1995, hefur verið sýnað um opinbera rannsókn á aðdraganda og viðbúnaði vegna flóðanna en ríkissaksóknari telur ekki tilefni til rannsóknar.

Fólkið hyggst vísa synjun ríkissaksóknara við erindi sínu til dómsmálaráðherra með ósk um að ráðherra hnekki synjuninni og leggi fyrir ríkissaksóknara að láta opinbera rannsókn fara fram.

Ósk fólksins um opinbera rannsókn byggist á að kannað verði hvort lög hafi verið brotin á þann hátt að ekki hafi verið



Ríkissaksóknari telur ekki tilefni til rannsóknar vegna snjóflóðanna í Súðavík.

sinnt um ítrekaðar tilraunir starfsmanns Veðurstofu Íslands til að vara við yfirvofandi

hættu og kalla eftir ráðstöfunum á svokölluðu ytra svæði vegna breytinga á veðurlagi um

nóttina. Á bls 5 er grein eftir Lindu Óskarsdóttur þar sem hún gagnrýnir úrskurðinn.

Blaðsíða 4

Vilja láta gott af sér leiða



Blaðsíða 6

Skáldsögurnar gætu verið á skurðstofunni



Blaðsíða 9

Hundrað og ellefu kíló fuku



Framtíðarstarfsemi Allrahanda í Ísafjarðarbæ ótrygg



Flutningafyrirtækið Allrahanda hf. hefur nú á annað ár stundað reglubundnar ferðir á milli byggðakjarna Ísafjarðarbæjar. Félagið er með sérleyfi á milli Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar og Ísafjarðar. Einnig er félagið með sérleyfi frá Ísafirði til Hólmavíkur og hafa þeir hjá Allrahanda sótt það stíft að fá sérleyfi alla leið til Reykjavíkur en með sérstöku samkomulagi á liðnu ári við Guðmund Jónasson ehf. tókst að setja upp reglubundnar áætunarferðir á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur allt árið.

„Allrahanda fékk sérleyfi árið 1992 þegar Vestfjarðaleið hf. skilaði því inn og taldi að ekki væri rekstrargrundvöllur fyrir akstri á þessum leiðum,“ sagði Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, í samtali við blaðið. Hann segir að Allrahanda hafi verið eina vestfirsku fyrirtækið sem sýndi áhuga á þessu sérleyfi á sínum tíma en fyrirtækið er skráð á Flateyri og aðaleigendur þess eru þaðan.

Óánægja með framkomu bæjaryfirvalda

Þórir segir mikla óánægju vera hjá eigendum Allrahanda með framkomu bæjaryfirvalda Ísafjarðarbæjar í samskiptum þeirra við fyrirtækið og mikið skilningsleysi vera í þess garð.

Fyrirtækið hafi verið að reyna að halda uppi samgöngum á erfiðri leið án styrkja frá bænum en nú hafi Ísafjarðarbær farið inn á leið sem Allrahanda hefur verið að aka á með því að bjóða upp á niðurgreiddar ferðir til Suðureyrar og samið við annan aðila og farið þar með inn á sérleyfi Allrahanda. Einnig sé það óviðunandi að gert sé upp á milli íbúa Ísafjarðarbæjar með þessum hætti.

Þórir segist hafa sent bæjaryfirvöldum bréf í lok janúar s.l. þar sem óskað er eftir stefnu Ísafjarðarbæjar í samgöngumálum á því svæði er sérleyfi Allrahanda nær yfir en því hafi ekki verið svarað enn. Hann segist hafa tekið fram í bréfinu að Allrahanda hafi engan áhuga á að keppa við aðila um þessa þjónustu sem njóta styrkja eða sérstakrar velvildar bæjaryfirvalda.

„Á svæði því er Allrahanda hefur sérleyfi á, hefur enginn leyfi til að selja í einstök sæti án sérstaks leyfis frá samgönguráðuneytinu en Ísafjarðarbær hefur þverbrotið það með því að auglýsa útboð á áætlunarferðum til Suðureyrar þar sem innheimt skyldi sættagjald. Einnig settu bæjaryfirvöld það skilyrði að notaður yrði 18 farþega bíll sem kallaði á herra tilboð en nauðsynlegt var, enda hefur það sýnt sig að svo stór bíll hefur afar sjaldan komið

að þessum akstri til Suðureyrar.“

Að sögn Þóris, hafa forsvarsmenn Allrahanda átt nokkur samtöl við fulltrúa Ísafjarðarbæjar um framtíðarfyrirkomulag samgangna í sveitarfélaginu en ekki fengið viðunandi svör.

Heyrst hefur, að til að mynda Þingeyringar séu óánægðir með þjónustu Allrahanda og var Þórir spurður um ástæður þess?

„Áætlun okkar er þannig uppsett í dag að þar er ein ferð á dag á milli Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar og Ísafjarðar og eru ferðir þannig uppsettar að sumar þeirra eru stjórnmerktar þannig að ekki er farið nema það séu farþegar þannig að farþegar þurfa að panta far með bílnum.“

Við settum þetta upp í ljósi reynslu okkar síðasta vetur þar sem að aðeins voru 12 farþegar til og frá Þingeyri. Ef við hefðum ekki sett þetta svona upp þá hefðum við orðið að hafa kannski eina ferð í viku sem væri engan veginn nógu gott. Því er ekki að leyna að við hefðum kosið að þjónustan hefði elfst og batnað og við trúum því enn að hún eigi eftir að gera það, en þar sem við höfum orðið að reka þessar ferðir fyrir eiginn reikning og áhættu þá er ekki rekstrar-

grundvöllur fyrir aukinni þjónustu á meðan ekki eru fleiri sem nýta sér hana.“

Ísafjarðarbær hyggst sækja um sérleyfi

Þórir segir að þeir hjá Allrahanda hafi frétt að bæjarstjórnin hafi lýst því yfir að bærinn hyggðist taka til sín sérleyfið.

„Okkur finnst það svolítið skrytið að fréttu þetta frá öðrum vegna þess að á liðnu ári var honum bent ítrekað á það að ef bæjarfélagið hefði hug á að leysa til sín sérleyfið þá þyrftu þeir að sækja um það 6 mánuðum áður en það rynni út, sem var 1. mars s.l. Það var ekki gert og lýsti bæjarstjórnin því þá yfir að ekki væri áhugi fyrir því.“

Mér finnst eins og bærinn ætli að vera með yfiringar í þessu máli og ég harma það.“

„Í ljósi ummæla bæjarfull-

trúa, vegna atvinnuástands á Þingeyri þar sem sagði að frumkvæði heimamanna þyrfti að koma til, til þess að bærinn legði eitthvað af mörkum í atvinnumálum, þá teljum við að við höfum komið til móts við það með því að setja upp ferðir, að beiðni Þingeyringa, til Flateyrar í haust sem leið til að stunda vinnu þar.“

Þetta gerðum við án þess að bæjarfélagið styddi eða styrkti okkur á nokkurn hátt og því finnst okkur það vera nokkuð hart að bærinn skuli vinna gegn okkur. Kannski ætti okkur að vera alveg sama þar sem að þeir starfsmenn er hjá okkur hafa unnið við þennan akstur undanfarin ár eru annað hvort fluttir suður eða eru í þann veginn að flytja m.a. vegna þess að við getum ekki tryggt þeim vinnu í sinni heimabyggð. Við höfum vinnu fyrir þá hér fyrir sunnan en hjá okkur starfa í dag vel yfir 30 manns á höfuð-

borgarsvæðinu.“

Segðu mér Þórir, mynduð þið félagarnir hjá Allrahanda verða ósáttir við að Ísafjarðarbær tæki til sín sérleyfið?

„Ég verð nú að viðurkenna að í því máli eru blendnar tilfinningar en við myndum gleðjast fyrir hönd íbúa Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyrar því að ef sveitarfélagið hefði þessa þjónustu með höndum, þá bæri því skylda til þess að veita sömu þjónustu alls staðar innan bæjarfélagsins. Þar af leiðandi fengju íbúar á þessum stöðum sömu þjónustu og íbúar annars staðar í bæjarfélaginu, það er í Holtahverfi og Hnífsdal, þar sem að þjónusta er bæjarfélag veitir ekki byggð á arðsemissjónarmiðum heldur á að ríkja jöfnuður á milli allra íbúanna sem á þjónustunni þurfa að halda, hvar sem þeir búa í bæjarfélaginu og ég vona að bæjarfulltrúar beri vit til að skilja það,“ sagði Þórir.



Íslandsmeistarar yngri spilara í sveitarkeppni. Frá vinstri: Hlynur Tryggvi Magnússon, Halldór Sigurðarson, Tryggvi Ingason og Ragnar Torfi Jónasson.

Íslandsmót yngri spilara í bridds

Ísfirðingar Íslandsmeistarar

Íslandsmót í sveitarkeppni yngri spilara í bridds var haldið í Reykjavík helgina 1.-2. mars s.l. Þar voru mættir til leiks allir helstu briddsspilarar landsins í þessum aldursflokki og þar á meðal Ísfirðingarnir, Halldór Sigurðarson, Hlynur Tryggvi Magnússon, Tryggvi Ingason og Ragnar Torfi Jónas-

son. Ísfirsku strákarnir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í mótinu en þeir unnu m.a. helstu keppinauta sína sem eru margreyndir landsliðsmenn og Íslandsmeistarar.

Þess má geta að Ragnar og Tryggvi urðu Íslandsmeistarar í tvímenning yngri spilara s.l. haust en þar urðu Halldór og

Hlynur í öðru sæti.

Sannarlega góður árangur hjá þessum ungu mönnum sem koma þar með Ísfirðingum á Íslandsmeistarakortið ásamt liði KFÍ sem varð Íslandsmeistarar í 1. deild körfuboltans í fyrra.

Þrif á teppum og húsgögnum

Við höfum náð ótrúlegum árangri í djúphreinsun á teppum og húsgögnum

Ef gólfteppi eru ekki hreinsuð reglulega af sandi og öðrum óhreinindum þá fara þau að eyðast upp. Sandurinn virkar eins og örsmáir hnifar sem smá saman gera það að verkum að skipta þarf um teppi


Vélarnar sem við notum eru þær öflugustu á markaðnum í dag

Um er að ræða þurr, blaut og „rotary shampoo“ eftir því hversu óhrein teppin eru

Það er ekki sjálfsagt að bílar ryðgi



Hjá MASSA notum við hið niðsterka Mjallarbón til að verja bílinn fyrir tæringaráhrifum af vestfirsku sjávarlofti



Upplýsingar alla daga frá kl. 10:00 til kl. 22:00 í síma 456 5196

Opið frá kl. 15:00 til kl. 19:00 virka daga nema föstudaga frá kl. 13:00 til kl. 17:00

Pantið núna fyrir fermingar og páska

MASSI · Suðurtanga 2 Símar 456 5196 og 896 0542

Microsoft

Professional Web Site Publishing With FrontPage 97

Nýtt!!!

Lærðu að búa til þínar eigin vefsíður í

Microsoft **FrontPage 97**
Web Authoring and Management Tool with Bonus Pack

Innifalið í námskeiðsgjaldi
MS FrontPage og vörðmali kr. 23.900,-

Háskóla námskeið í vefsíðugerð á Ísafirði
24.-27. mars nk. Lærðu að notfæra þér stærsta fjölmíðil heimsins.
Verð kr. 39.900,- Skráning í síma 456-5470.
Töknmarkaður fjöldi.

SNERPA
SÖLUGÆTTI HAFNARSTRÆTI 1 • Sími 456-5470
VANDAGÆTTI HAFNARSTRÆTI 3 • Sími 456-5470



Jón Bjarni og leitarhundurinn Nökkvi

Vilja láta gott af sér leiða

Snjóflódaleitarhundar sönnuðu tilverurétt sinn eftir snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri og var samdóma álit manna að þeir hafi skipt sköpum við björgunarstörfin á þessum stöðum. Eftir þessa

reynslu vöknouð menn til meiri vitundar um mikilvægi þess að leitarhundar væru til staðar á sem flestum stöðum þar sem hættu á snjóflóðum er fyrir hendi. Jón Bjarni Geirsson í

Bolungarvík hefur um tveggja ára skeið átt hund af Labrador kyni sem hann hefur verið að þjálfna sem leitarhund. Nökkvi, en svo heitir hundurinn, var reyndar byrjaður í þjálfun þegar Jón Bjarni fékk

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** **PIZZA 67**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús:

Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-

Fagraholt 2: 160m² einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Tilboð óskast.

Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-

Hafraholt 28: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-

Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-

Krókur 1: 51,1m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð 4.400.000,-

Skipagata 11: 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.

Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyri. Verð: 9.900.000,-

Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti á góðri 3ja til 4ra herbergja blokkaríbúð möguleg. Verð: 11.600.000,-

Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt kjallara og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.



Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800.000,-

80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-

80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-

72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 5.900.000,-

Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrjúbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-

Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrjúbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-

Seljalandsvegur 20: 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-

Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-

Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 19: 110 m² 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.800.000,-

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-

tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-

Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-

Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 6.700.000,-

Túngata 21: 77,5m² 4ra herbergja risibúð í þrjúbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-

Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

2ja herbergja íbúðir

Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-

Hlíf II: 65,7m² íbúð á 1. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Íbúðin er laus. Verð: 6.800.000,-

Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-


Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-

Atvinnuhúsnæði

Silfurgata 6: verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi í hjarta bæjarins. Verð: 5.000.000,-



Strandgata 3: 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð 3.500.000,-



Skáldsögunar

Bókasafnið á Ísafirði á sér langa og merkilega sögu en það varð hundrað ára árið 1989. Reyndar er safnið enn eldra þar sem það hefur að geyma Lestrarfélag Ísfirðinga sem var stofnað 20. jan. 1866, m.a. fyrir tilstuðlan Jóns Sigurðssonar forseta. Í

bæklingi sem gefinn var út í tilefni afmælisins er greint frá því m.a., að bókasafnið hafi fyrst verið til húsa í húsnæði barnaskólans sem þá var við Silfurgötu 3. Í júní 1891 var safnið flutt í hús Góðtemplara, sem nú er skátaheimili en 1929 flutti safnið í það hús sem nú er pósthús Ísfirðinga. Þar var safnið til ársins 1946 er það flutti til „bráðabirgða“ í núverandi húsakynni, á annari hæð í Sundhöll Ísafjarðar.

Húsnæðisvandræði hafa mjög háð starfsemi safnsins um töluverðan tíma og eru miklar vonir bundnar við að stórefla megi alla starfsemi og þjónustu safnsins í framtíðinni í Gamla sjúkrahúsinu, en bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti árið 1987 að Bæjar- og héraðsbókasafnið og Héraðs-skjalasafnið, skyldu fá þar inni ásamt Listasafni Ísafjarðar.

gætu verið á skurðstofunni

Skrapp til Ísafjarðar

Jóhann Hinriksson er forstöðumaður safnsins í dag og hefur verið það frá árinu 1973 er hann „skrapp“ til Ísafjarðar, eins og hann segir sjálfur, en ætlun hans var að staldra aðeins stutt við. Jóhanni, sem er fæddur og uppalinn í vesturbænum í Reykjavík, líkaði hins vegar svo vel á Ísafirði að þar er hann enn í dag og segist ekkert vera á leiðinni burt.

Hann getur því varla talist til „vertíðarmannanna“ sem á dögnum urðu tilefni skrifa í vestfirsku blöðunum og hlýtur því að vera dæmi sem styður kenningar um að; oft verði Vestfirðingur/Ísfirðingur úr aðfluttum. Jóhann kveðst þó ekki telja sig Ísfirðing eða Vestfirðing en hann segir; „ég er ekki mikið fyrir landafræði af þessu tagi.“ Jóhann segir safnið hafa verið það sem aðallega hélt í hann á Ísafirði en það sé svo stórt og mikið að leitun sé að öðru eins hér á landi en til marks um stærðina, þá eru núna um 104 þúsund bækur í eigu safnsins.

Jóhann sér m.a. um yfirstjórn á rekstri safnanna, öll innkaup og hefur umsjón með starfsmannahaldi en nú eru þar starfandi fimm manns, bókaverðir og bókasafnsfræðingur og skjalavörður. Auk hefðbundinna útlána bókasafnsins er stöðugt unnið að viðhaldi bóka og skráningu en safnið sér um að skrá allar bækur sem keyptar eru í Grunnskóla Ísafjarðar og Skólaskrifstofu Vestfjarða auk þess sem langt er komið skráningu safna sveitarfélaganna sem sameinuðust Ísafirði.

Skrár bókasafnsins á Veraldarvefinn

Öll gögn eru skráð í tölvu og markmiðið er að allar bækur sem til eru í Ísafjarðarbæ, Súðavíkurbreppi og jafnvel í Bolungarvík

verði skráðar á þann hátt. Jóhann hyggst nota þessi gögn m.a. til að opna heimasíðu á Veraldarvefnum þar sem viðskiptavinir geta leitað upplýsinga um þær bækur sem til eru á svæðinu og þannig sparað sér hefðbundna leit og umstang sem oft tekur mikinn tíma.

„Þegar þetta verður komið á, þá fer fólk inn á heimasíðu bókasafnsins og smellir t.d. á hnapp sem stendur fyrir bókarleit og ef leita á að bókum eftir tiltekinn höfund þá er slegið inn nafn, t.d. Jón Jónsson, og þá kemur upp listi með nöfnum allra bóka eftir Jón Jónsson sem til eru á skrá og hvar þær eru staðsettar.“

Jóhann segir að þetta muni nýtast öllum sem aðgang hafa að Veraldarvefnum og fólk eigi, þegar þetta verður að veruleika, að geta gengið inni á bókasafn eða útibú og slegið inn fyrirsurnir um bækur og fengið nær samstundis þær upplýsingar sem beðið er um, jafnvel hvort viðkomandi bækur eru inni eða í útláni. Hann segir þetta grundvöll fyrir því að fólk hér á svæðinu geti stundað nám, rannsóknir og fræðistörf, sama hvort fólk er staðsett á Ísafirði, Þingeyri eða Flateyri svo dæmi sé tekið.

Vonast er til að jafnvel gerist eitthvað í þessum málum á þessu ári og telur Jóhann að ekki sé raunverulega eftir neinu að biða, nema kannski helst fjármagni til að koma þessum hugmyndum í framkvæmd. Hann segist hafa rétt þessa hugmynd t.d. við menntamálaráðherra sem hafi verið mjög áhugasamur en þetta yrði fyrsta bókasafnið utan Reykjavíkur sem færi á Veraldarvefinn með skrár sínar.

Plássleysi hefur háð starfsemi

Eins og áður sagði þá hefur plássleysi háð starfsemi safnanna um langt skeið en að sögn Jóhanns eru líkur á að það standi til

Ísafjörður

Guðrún Jónsdóttir heldur tónleika

Sunnudaginn 16. mars n.k. mun Guðrún Jónsdóttir, sópransöngkona, halda tónleika í sal Frímúrára á Ísafirði. Meðleikari hennar á píanó verður Ólafur Vignir Albertsson.

Á efniðskrání eru sönglög eftir Karl O. Runólfsson, Atla Heimi Sveinsson og Hjálmar

H. Ragnarsson. Einnig mun Guðrún syngja óperuaríur eftir Mozart, Verdi og Donizetti.

Söngáhugafólk er hvatt til að hrísta úr sér vetrarhrollinn og fjölmenna á góða söngskemmtun en tónleikarnir hefjast kl. 16:00 á sunnudaginn.

Skíðafélag Ísafjarðar

Bikarmót í svigi og stórsvigi

Dagana 15.-16. mars n.k. fer fram á Ísafirði bikarmót í flokki 13-14 ára í svigi og stórsvigi. Búið er við að þátttakendur verði margir því þessir aldursflokkar eru mjög fjölmennir í alpagreinum.

Þetta verður væntanlega eina bikarmótið sem fram fer á Ísafirði á þessu keppnistímabili þar sem aflýsa, varð vegna snjóleysis, bikarmóti fullorðinna sem fram átti að fara hér fyrir í vetur.



Aldís Höskuldsdóttir eigandi Sólar og fegurðar.

Ísafjörður

Sól og fegurð tekur til starfa

Fimmtudaginn 6. mars s.l. tók til starfa að Túngötu 3 á Ísafirði ný heilsustofa sem fengið hefur nafnið „Sól og fegurð“. Eigandi fyrirtækisins er Aldís Rögnvaldsdóttir og mun hún bjóða vísíptavinum sínum upp á ýmsa þjónustu. Vöðvamótun og fitubrennslu meðferðir eru þar á meðal ásamt því að boðið verður upp á sogæðanudd, leirvafninga og sólbekk.

Að sögn Aldísar fer vöðvamótun og fitubrennsla fram með hjálp svokallaðs Strata 3-2-1 sem er háþróað og áhrifamikil rafnuddtæki sem þjálfar vöðva, nuddar og brýtur niður fitu og appelsínuhúð ásamt því að móta líkamann og minnka ummál. Tækið er einnig notað í andlitsmeðferðir en það sléttir úr hrukum, lagar ör og húðslit ásamt að gefa góða andlits- og líkamslyftingu.

Hjá Sól og fegurð er einnig boðið upp á Body Gold sogæðanudd sem hreinsar og nuddar líkamann, t.d. fætur og maga og losar fólk við bjúg, bólgur, appelsínuhúð og ummál ásamt því að veita góða slökun og vellíðan.

Með ULW leirvafningum losnar fólk við minnst 15 cm af ummálinu, að sögn Aldísar, og tryggt er að það endist í minnst 30 daga. Leirinn sem notaður er, er fenginn af botni Dauðahafsins en hann vinnur á húðinni, hreinsar hana og stinnir og mótar líkamann, lyftir og fegrar.

Síðast en ekki síst býður Sól og fegurð upp á fullkominn ljósabekk sem er með 42 líkamsperum og fjórum andlitsljósum. Bekkurinn er mótadur eftir líkamanum svo hámarks þægindi fást en hver tími er aðeins 10 mínútur.



Hundrað og ellefu kíló fuku

Síðastliðið laugardagskvöld hélt þessi hressi hópur upp á lok átta vikna fitubrennslunámskeiðs, sem haldið var á vegum Studio Dan. Árangurinn var góður eins og sjá má á myndinni, en hópurinn missti samtals hundrað og ellefu kíló eða milli sjö og átta hundrað sentimetra. Við þetta tækifæri voru leiðbeinendum hópsins, Rósamundu Baldursdóttur og Helgu Salóme Ingimarsdóttur færð blóm.

sérstakt

TILBOÐ

Dögg

160 x 200
með háum
sökli

hjónarúm úr kirsuberjavið
með náttborðum og
vönduðum
dýnum



Glæsileg
sængurverasett
fylgja með í kaupunum !

Var: 174.000

nú:
139.000
stgr.



HÚSGAGNALOFTIÐ
SKEIÐI 1, 400 ÍSAFJÖRÐUR

MYTT ÚT ÚT AURIL ÖSNASTOFA

Potulið Vestfjarða

Það er kunn staðreynd í hinum vestræna heimi, að upp hefur sprettið stétt manna, sem í krafti menntunar og stöðu sinnar getur valið úr störfum víða um heim. Því fylgir einnig að umrætt fólk, hástéttin, er mikið á ferð og flugi, starfs síns vegna að sjálfsgöðu. Stundum er talað um hina alþjóðlegu kynslóð, „sem í krafti menntunar, sérþekkingar og hæfileika getur starfað hvar sem er á jarðarkringlunni og getur þar afleiðandi valið að yfirgefa hversdagsbasilið í heimalandinu og halda þangað sem smjöríð drýpur óðast af stráunum á hverjum tíma.“ Hér er vitnað í grein í Degi - Tímanum, 30. janúar 1997, eftir Hildi Helgu, en yfirskrift hennar er einmitt alþjóðlega kynslóðin. Hún vísar í umfangurum um bók eftir evrópskan stjórnmála- og félagsfræðing, sem út kom í Bretlandi í fyrra og vakti athygli fyrir æði nýstárlega söguskoðun.

Í stað þess að beita sér fyrir þörfum þjóðfélagsbreytingum í krafti gáfna eldmóðar og menntunar á heimavelli, gangi þau í alþjóðlegu björgin og skilji eftir skussana, sem engu nenni að breyta. Stöðnun fylgir þessari þróun frekar en sú framþróun er menn vænta með aukinni menntun og mannauði, sem oft heyrast nefndur.

Stundum hefur verið talað um potuliðið, sem leyft getur sér að flakka um heiminn undir yfirskrifnum atvinnu sinnar og nauðsynlegra samskipta vegna verslunar og viðskipta. Þetta sama fólk getur valið sér búsetu hvar sem er í heiminum án tillits til þess hvar atvinnan er stunduð. Í sjálfu sér er þetta alls ekki slæmt, getur meira að segja verið ansi hreint gott, einkanalega fyrir þá sem geta leyft sér þennan hátt á lífi sínu.



Stakkur skrifar

Landsbyggð - Reykjavík, tveir andstæðir pólar?

Að sjálfsgöðu vilja flestir skynsamir menn svara þessari spurningu neitandi. En málið er ekki svo einfalt. Munur landsbyggðar og höfuðborgar kemur glógg fram þegar lífskjör eru skoðuð. Samgöngur eru stundum dýrt vandamál búi fólk úti á landi, því margt þarf að sækja til Reykjavíkur. Nægir að nefna heilbrigðisþjónustu, menntun, viðskipti og margt fleira, sem ef til vill er ekki talið lífsnauðsynlegt. Þar gnæfir menningin hæst, leikhús, ópera og flutningur og ástundun annarrar listar. Einnig má minna á þá staðreynd að matvara og ýmsar nauðsynjavörur aðrar kosta minna í höfuðborginni og nágrenni.

Það sem oftast ber á góma er auðvitað húshitunar-kostnaður, mun hærri á landsbyggðinni en á svæði Hitaveitu Reykjavíkur. Það er því ekki að undra, að sum verkalyðsfélög úti á landi geri kröfur um annars vegar jöfnun húshitunarkostnaðar eða hins vegar hærri lágmarkslaun en gerist á suðvesturhorninu. Ekki má gleyma þeim vanda sem er uppi við ráðningu lækna út á land. Rætt hefur verið um staðaruppbætur þeim til handa, enda er það svo, að erfið er að komast af án lækniþjónustu.

Almenningur stendur reyndar í þeirri trú að lækna séu almennt hálaunastétt. Lækna færna að því rök að svo sé ekki um þá flesta. Kvartað hefur verið undan erfðleikum við að fá menntaða kennara til grunnskólanna á landsbyggðinni og sama gildi um framhaldsskólana.

Draga má aðalatriðin saman og segja sem svo, að allt sé betra í Reykjavík og nágrenni, sem auðvitað ætti að skammstafa og kalla framvegis RON til styttingar. Þar er betri heilbrigðisþjónusta, skólar, verslanir, hitaveita, auðveldara að komast í sæluna til útlanda og meira framboð tómsundaiðu. En er það svo?


Hvað með skussana?

Ljóst má vera að þeir sem hafa menntunina, hæfileikana auk sérþekkingarinnar, sem er sóst eftir úti á landi, og ekki fæst þangað nema með því að yfirborga með einum eða öðrum hætti, eru í snöggtum betri aðstöðu en hinn venjulegi launamaður sem á allt sitt undir því að byggð þrífist áfram og á auk þess húsið sitt á staðnum.

Þegar þeir sem ekkert val eiga og eru í raun í hlutverki „skussanna“ samkvæmt hinna nýju söguskoðun, er lýst var að framan, horfa á þá, sem veljast til ábyrgðar í athafnalífi og opinberri stjórnun, búa annars staðar en í heimabyggðinni, þar sem atvinnan, uppspretta launanna er, gremst þeim. Þeir líta á eins konar potulið, sem stundar vinnu á Vestfjörðum um miðja viku og er í verbúð, en fer heim um helgar til fjölskyldunnar í RON.

Er nema von að upp spretti efasemdir um heilindi, um trú viðkomandi á heimabyggð skussana. Við höfum þrátt fyrir allt flest verið alin upp við þá skoðun, að í menntun og sérþekkingu séki landsbyggðin kraft til uppbyggingar. Sú lífssýn sem hér er dregin er andstaða hennar. Enda velur sér enginn hlutverk „skussans“.

-Stakkur



Vídeóhöllin...

... þegar góða spólu gjöra skal

Vídeó Höllin - við Norðurveg 456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Eraser
2. Independence day
3. Last Man Standing
4. Powder
5. Bio-Dome
6. Diabolique
7. Killer: A Journal...
8. Eye for an eye
9. Fargo
10. The truth about...

Fimm herbergja**búð/einbýlishús** óskast til leigu frá og með 1. maí n.k. Til greina kemur að leigja á móti í Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 565 4170

Til sölu **Polaris Indy 500 SP** árg. '89 í mjög góðu standi. Verð kr. 300 þús. , skipti möguleg á bíl. Upplýsingar í síma 456 5395 eftir kl. 19

Óska eftir **sófasetti** gefins. Upplýsingar í síma 456 3606

Fermyrarafmæli! Árgangur '63, mæting Á Eyrinni fimmtudagskvöld 13. mars kl. 21.

Til sölu lítil **kæliskápur**, góður svalavagn, skíði 1m og bindingar, skíðaskór nr. 31 og skautar nr. 36. Upplýsingar í síma 456 6148

Vegna brottflutnings er til sölu lútaður **furuskápur** (hornskápur) og annar eins borðstofuskápur. Verð 20-25 þús. hvor um sig. Einnig er til sölu sófasett á kr. 40 þús. Upplýsingar í síma 456 4330 á kvöldin, Björk.

Til sölu eða leigu er 132m² **einbýlishús** ásamt 70m² bílskúr að Hjallabyggð 9 Suðureyri. Söluverð: 5 millj., leiga 28 þús. á mán. Laust nú þegar. Nánari upplýsingar í síma 567 6217 eftir kl. 20.

Til sölu **bílskúr** sem er staðsettur að Túngötu 22, annar í röðinni næst Hnífsdalsvegi. Upplýsingar í síma 568 6685

<http://www.oscar.com>

Þann 24. mars verður Óskarinn afhentur, en þangað til getur þú fræðst um tilnefningar, leikara og undirbúninginn fyrir afhendinguna.

<http://www.discovery.com>
Á heimasiðu Discovery sjónvarpsstöðvarinnar er margt forvitnilegt. Svo sem margslungið dýralíf og það nýjasta sem er að gerast í vísindum.

<http://www.indo.com/distance>
Hversu langt er til New York? Þessarar spurningar og margra annarra er auðvelt að fá svar við á þessari síðu.



ERASER

Myndin Eraser fjallar um lögglummanninn John Kruger sem fær það verkefni að vernda fegurardísina Lee Cullen, sem er eina vitnið gegn öflugum glæpamönnum sem eru við það að ná á vald sitt eitt hættulegasta vopn veraldar.



Horfur á fimmtudag: Minnkandi norðanátt, víða hægur vindur og bjart veður er liður á daginn, fyrst um landið vestanvert. Frost á bílinu 5 til 15 stig, kaldast í innsveitum norðanlands.

Horfur á föstudag: Búast má við fremur hægum vindi og björtu veðri víða um land og áfram talsverðu frosti.

Á laugardag lítur út fyrir að smám saman dragi úr frosti með vaxandi suðaustanátt og fer að snjóá sunnanlands er liður á daginn.

Á sunnudag og mánuðag er útlit fyrir austlæga átt með úrkomu um mestallt land og hlýnandi veðri.

Upplýsingar í síma 456 8172

Fimmtudaginn 6. mars voru teknir ljósbláir **Art klossar** úr Tónlistarskólanum á Ísafirði. Sá sem hefur þá undir höndum er vinsamlega beðinn um að skila þeim á sama stað og hann tók þá.

Til sölu nýlegur tveggja sæta **IKEA sófi** + auka áklæði og einnig IKEA stóll. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 5053

Til sölu nýlegur Tobsy **ungbarnabílastóll**. Upplýsingar í síma 456 5098 og 456 3745

Til sölu **70m² íbúð** að Mjallargötu 1. Upplýsingar í síma 456 4081 eða 892 1990

Til sölu er 2ja hestafla **Evenrude utanborðsmótor**, þarfnast lagfæringar. Upplýsingar í síma 456 7422

Til sölu **Ambra 486/33mhz** með 4mb minni og 160mb harðdisk. Upplýsingar í síma 456 4455.

Til sölu **Nissan Sunny** árg. '93, ekinn 65 þús. km, 4 dyra, beinskíptur. Upplýsingar í síma 456 4455

Til sölu stór **gasofn**, hvítt rimlarúm m/dýnu, ungbarnasæng og koddí. Upplýsingar í síma 456 7207.

Til sölu er **einbýlishúsið** að Vólusteinsstræti 3, í Bolungarvík. Húsið sem er 134m² og 6 herbergja, selst ásamt 50m² bílskúr. Upplýsingar eru gefnar í síma 436 1471

Ódýr eðalvagn! Til sölu Volvo 340 DL, árg. '85. Verðeinungis 40 þúsund kr. Upplýsingar í síma 456 4030 á kvöldin

Smáauglýsinga sími Bæjarins besta er **456 4560**. Smáauglýsing þarf að berast til blaðsins fyrir hádegis á þriðjudögum ef hún á að birtast í blaðinu sem kemur út miðvikudaginn eftir.

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu **Casio hljómborð**. Upplýsingar í síma 456 3006

Til sölu ónotuð 180 **cmstórsvagskiði**. Upplýsingar eru veittar í síma 456 4867

Heimakynningar á Avon snyrtivörum. Allar nánari upplýsingar í síma 456 5274

Til sölu **MMC Lancer** árg. '87, ekinn 135 þús. km. Upplýsingar í síma 456 5475, Einar.

Óska eftir gamalli eða nýrri **ferðatölvu**. Má ekki vera mjög dýr og verður að vera í lagi. Upplýsingar í síma 456 4125 kl. 18:30-20:00, Hilmar.

Til sölu **Toyota Corolla XL** árg. '91, ekinn 100 þúsund km.

Til sölu lítið gamalt **einbýlishús** að Hafnargötu 122 Bolungarvík. Upplýsingar í síma 456 1471

Til sölu er **húseignin** að Móhlti 9, sem er 6 herbergi, 164m² ásamt 55m² sambyggðum bílskúr. Upplýsingar í síma 456 3629 á kvöldin.

Til sölu **baðborð** með 3 skúffum. Verð 15 þúsund. Upplýsingar í síma 456 7361

Til sölu nýleg 150cm **skíði** og **skíðaskór** nr. 38-39. Upplýsingar í síma 456 8290

Skíðakennsla! Skíðakennsla fyrir fullorðna hefst á Seljalandsdal fimmtudaginn 13. mars kl. 19. Upplýsingar í síma 456 3041 (Rammagerð Ísafjarðar)



UM HELGINA

**Herbert
Guðmundsson
skemmtir
ásamt diskóteki
föstudags- og
laugardagskvöld
til kl. 03:00**

ÍSÁFJARDARBÍÓ


HRINGJARINN Í
NOTRE DAME

SUNNUDAG KL. 15:00 OG 17:00



LONG KISS
GOODNIGHT

FIMMTUDAG
KL. 21:00
SUNNUDAG
KL. 21:00



Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

ÍSÁFJÖRDUR:

Vitinn: Söluhorn í 34m² húsnæði á besta stað í bænum. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Tilboð óskast.
Dalbraut 10: 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð: 4.300.000,-
Miðtún 31: 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.
Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
Silfurgata 11: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
Strandgata 5: U.þ.b. 65m² 3ja herbergj íbúð á efri hæð í fjölbýli. Laus. Góð greiðslukjör.
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð 15.500.000,-



Kirkjuvegur 2: 214m² glæsilegt einbýlishús. Laust samkvæmt samkomulagi.

BOLUNGARVÍK:

Ljósaland 6: 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 7.500.000,-
Hafnargata 46: Allt húsið. Selst ódyrt.
Holtabrún 6: 230m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.000.000,-
Holtagata 9: Litið og snyrtilegt einbýlishús úr timbri. Húsið er laust. Verð: 3.800.000,-
Skólastígur 20: 140m² á 2. hæð í parhúsi. Verð: 1.600.000,-
Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Traðarland 24: 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
Vitastígur 11: Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-
Völusteinsstræti 4: 2x126m² einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-


SUÐUREYRI:

Hlíðarvegur 3: 147m² tvílyft einbýlishús auk 40m² bílskúrs. Eign er í mikilli niðurníðslu og selst ódyrt.
Aðalgata 9: U.þ.b. 90m² einbýlishús.

FLATEYRI:

Grundarstígur 26: Litið einbýlishús. Húsið er laust og selst með góðum kjörum.

**Helgar-
dagskráin**



Föstudagur

Föstudagur

09.00 Línurnar í lag
09.15 Bein útsending frá Bylgjunni vegna söfnunar fyrir hjartveik börn.
13.00 Sonur Bleika pardusins (e) Son of The Pink Panther
Allir þekka lögregluforingjann klaufalega, Clouseau, sem Peter Sellers lék svo eftirminnilega á sjöunda áratugnum. Nú hefur komið í ljós að Clouseau eignaðist son sem er jafnvel meiri klaufi en hann sjálfur var.
14.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.00 Út í loftið
15.30 NBA-tilþrif
16.00 Kóngulóarmaðurinn
16.25 Sögur úr Andabæ
16.50 Magðalena
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Íslenski listinn
19.00 19 > 20
20.00 Lois og Clark (19:22)
21.00 Söfnun fyrir hjartveik börn
Bein útsending úr sjónvarpsal þar sem fram koma margir góðir gestir í tilefni söfnunar fyrir hjartveik börn.
23.35 Rótleysi
Bodies, Rest and Motion
Bandarísk bíómynd frá 1993 eftir leikriti Rogers Heddens. Myndin fjallar um fjórar manneskur á þrítugsaldri sem lifa og starfa í smábænum Enfield í Arizona. Líf þeirra einkennist af nokkru rótleysi og drauminn um að komast burt er aldrei langt undan.
01.10 Sonur Bleika pardusins Son of The Pink Panther
Sjá umfjöllun að ofan.
02.40 Dagskrárlok

Laugardagur

09.00 Með afa
09.50 Villti Villi
10.15 Bibí og félagar
11.10 Skippý
11.35 Soffía og Virginia
12.00 NBA-molar
12.25 Sjónvarpsmarkaðurinn
12.45 Babylon 5 (2:23) (e)
13.30 Lois og Clark (21:22) (e)
13.55 Fyndnar fjölskyldumyndir
14.50 Aðeins ein jörð (e)
15.00 Tölva á tennisbólm
Computer Wore Tennis Shoes
16.30 Andrés önd og Mikki mús
17.00 Oprah Winfrey
17.45 Glæstar vonir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19 > 20
20.00 Seinfeld (19:23)
20.30 Ó, ráðhús! (1:22)
Spin City
Nýr bandarískur gamanmynda-flokkur með Michael J. Fox í aðalhlutverki.
21.00 Casper
Hressileg og spennandi gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um draugasálfræðinginn James Harvey sem hefur verk að vinna í hinu niðurnídda Whipstaff-setri.
22.45 Þörupiltar
Bad Boys
Spennumynd með gamansömu ívaði. Myndin fjallar um tveir lögreglumenn í Miami og vandræðin sem hellast yfir þá þegar þeir reyna að endurheimta risastóran farm af eiturflyfum sem stolið hefur verið frá fíkniefnalögreglunni. Stranglega bönnuð börnum
00.40 Í blindni (e)
Blindsided
Spennumynd um Frank McKenna, fyrrverandi lögreglumann sem hefur söðlað um og stundar nú ýmsa smáglæpi. Stranglega bönnuð börnum.
02.10 Dagskrárlok

Sunnudagur

09.00 Bangsar og bananar
09.05 Kollí kátí
09.30 Urmull
09.55 Disneyrímur
10.45 Eyjarklíkan
11.10 Úrvalsdeildin
11.35 Ein af strákunum
12.00 Íslenski listinn (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.00 DHL - deildin í körfubolta
17.45 Glæstar vonir
18.05 Ísviðsljósinu
19.00 19 > 20
20.00 Chicago-sjúkrahúsið
20.50 Gott kvöld með Gísla Rúnari
21.50 60 mínútur
22.40 Mörk dagsins
23.05 Rísandi sól (e)
Rising Sun
01.15 Dagskrárlok

Laugardagur

09.00 Þingsjá
16.45 Leiðarljós (600)
17.30 Fréttir
17.35 Sjónvarpskringlan
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Höfri og vinir hans
18.25 Ungur uppfinningamaður
18.50 Fjör á fjölbraut
Heartbreak High IV
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Happ í hendi
20.40 Dagsljós
Í þættinum gefst áhorfendum tækifæri til að velja milli fjögurra kvikmynda með einu samtali og verður sú sem flest atkvæði fær sýnd á laugardagskvöld. Sjá dagskrá laugardagskvöldsins.
21.15 Gettu betur (6:7)
Spurningakeppni framhaldsskólanna. Seinni þáttur undanúrslita.
22.20 Sumartískan - fyrri þáttur
Í þættinum er litið inn á sýningar þar sem helstu tísukóngar Parísar og Milanó sýna hvað þeir hafa í boði fyrir sumarið.
22.45 Týndi sonurinn
Missing
Bandarísk bíómynd frá 1982 um Bandaríkjamann sem leitar sonar síns í Suður-Ameríkri þar sem mannréttindi eru fótum troðin.
00.50 Ráðgátur (1:6)
The X-Files IV
Bandarískur myndaflokkur um tvo starfsmenn Alríkislögreglunnar sem reyna að varpa ljósi á dularfull mál.
01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.45 Hlé
13.00 Heilbrigðismál
15.00 Robbie Robertson á tónleikum
16.00 Handbolti
17.25 Holt og gott (7:10)
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Óskar (3:3)
19.00 Geimstöðin (8:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Íslenskir tónar III
21.10 Leikur að eldspýtum
22.05 Helgarsportíð
22.35 Æskuár drottningar
Mädchenjahre einer Königin
Þýsk/austurrísk bíómynd sem gerist á meðal kóngafólks í Evrópu.
00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Appelsínu- og ójöfnhúð
Ekkert vandamál hjá **CLARINS**

KRISMA
Ljóninu Skóli
T 456 4414

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Nýtt nýtt frá **OROBLU**
GEO

Náttúruleg áferð
Náttúrulegir litir

KRISMA
Ljóninu Skóli
T 456 4414

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprint@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Skipasmíðastöðin hf. á Ísafirði

Endurskoðun endurnýjunarreglna veldur biðstöðu

Starfshópur á vegum sjávarútvegsráðuneytisins vinnur nú að endurskoðun á reglum um endurnýjun fiskiskipa. Að sögn Sigurðar Jónssonar, framkvæmdastjóra Skipasmíðastöðvarinnar hf. á Ísafirði, hefur skipun þessa starfshóps haft í för með sér að útgerðir og eigendur báta halda nú að sér höndum þegar kemur að ákvörðunum um breytingar og nýsmíði skipa.

„Þetta kemur til af því að menn þurfa oft að kaupa úrel-

ingu þegar skipum er breytt og þau stækkuð eða þegar ráðist er í nýsmíði. Menn bíða því með ákvarðanir um framkvæmdir þar til útséð verður um hvort reglunum verður breytt en það kemur ekki í ljós fyrr en starfshópurinn skilar tillögum sínum.

Þetta er mjög bagalegt fyrir Skipasmíðastöðina, ekki bara vegna nýsmíðaverkefna heldur einnig vegna ýmissa breytinga á skipum og bátum sem fyrir-

hugað var að fyrirtækið tæki

að sér á næstunni. Mörg vænlega verkefni sem við vorum með í undirbúningi um áramótin eru öll á bið núna út af þessu.

Það er raunverulega alveg sama hvort reglunum verður breytt á betri eða verri veginn því að á meðan þetta óvissu-ástand varir þá munu menn halda að sér höndunum,“ sagði Sigurður í samtali við blaðið.

Að sögn Ara Edwald, aðstoðarmanns sjávarútvegsráðherra og formanns starfshópsins, er

ekki ljóst hvenær hópurinn muni skila tillögum sínum. Hann telur þó að vel megi ganga ef samþykking á lagafrumvarp, byggt á tillögum starfshópsins, á yfirstandandi þingi.

Hann segist, aðspurður, vera meðvitaður um þá biðstöðu sem ríkir í ákvarðanatöku um nýsmíði og breytingar skipa og báta og segir það verða til að starfshópurinn muni flýta störfum sínum eins og framast er kostur.

Leikskólamál í Ísafjarðarbæ

Lóðamál tefja byggingu

Lítið hefur þokast í málefnum leikskólans Hlíðarskjóls á Ísafirði en eins og greint hefur verið frá, þá hefur meirihluti starfsfólks skólans sagt upp störfum vegna þess sem það kallar vanefndir á samningi sem gerður var við Ísafjarðarbæ s.l. haust. Óánægja starfsfólks stafar m.a. af þeirri óvissu sem ríkt hefur með byggingu nýs leikskóla en samkvæmt fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er 80 milljónum ráðstafað til byggingu leikskóla á árinu 1997.

Að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, hefur verið unnið að því að finna lausn á leikskólamálunum þó heldur erfið-

lega hafi gengið. Hann segir að ráðgert hafi verið að byggja leikskóla inn á Tungulandi á Skeiði og gert hafi verið ráð fyrir því í deiliskipulagstillögu. Skipulag ríkisins hafi síðan ekki samþykkt að tillaga bæjarstjórnar yrði auglýst og sú ákvörðun ein og sér hafi tafið málið um ómældan tíma.

Aðspurður um hvort ekki þurfi að gera einhverjar ráðstafanir til að ná sáttum við starfsfólk Hlíðarskjóls segir Kristján, að vissulega sé núverandi ástand óþægilegt en eins og staðan væri í dag þá hefðu menn engin skýr svör og það vissi starfsfólkið í rauninni. Hann segist þó vona að mál muni skýrast á næstu dögum.

Óðinn Gestsson, formaður fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar, segir ákvörðun skipulagsstjóra ríkisins, að leyfa ekki byggingu á Tungulandi, aðal ástæðu þess að ekki hefur reynst unnt að hefja framkvæmdir við nýjan leikskóla.

„Menn töldu sig geta gengið þarna að ákveðinni lóð en síðan kom bakslag í þetta. Það er svolítið einkennilegt að nú þegar ríkið er nýbúið að selja Tungulandið til Ísafjarðarbæjar, þá skuli vera sett á bann við byggingum á svæðinu. Það er erfitt að verjast þessu og í rauninni ómögulegt,“ sagði Óðinn í samtali við blaðið.

Hann sagði aðspurður, að engin ákvörðun hafi verið tekin um

hvernig brugðist verði við uppsögnum starfsmanna Hlíðarskjóls en taldi afar slæmt að þær skyldu hafa komið til.

„Ég á í sjálfu sér dálítið erfitt með að átta mig á af hverju til þessarar uppsagna kom. Ástæðan er sögð vera, að ekki hafi verið staðið við samning sem gerður var þegar leyfi fyrir Hlíðarskjól var framlengt. Það er að nokkru leyti rétt. Ég skal þó ekki segja hverju er um að kenna, en engu að síður finnst mér þetta afskaplega harðar aðgerðir hjá starfsfólki.

Þetta voru í rauninni smávægileg atriði sem átti eftir að uppfylla en það getur svo sem vel verið að þau hafi verið stór í augum starfsfólks.“

Flateyri

Klæðning í erfiðleikum

Klæðning hf., sem sér m.a. um framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða á Flateyri, á nú í miklum rekstrarerfiðleikum og vinna forsvarsmenn fyrirtækisins að því að ná naðasamningum við aðila sem eiga úppgerðar kröfur hjá því.

Skuldir Klæðningar hf. munu nú nema um 450-500 milljónum króna og hefur viðskiptaaðilum verið boðin 35% greiðsla gegn því að

65% verði látni niður falla eða að öðrum kosti verði óskað gjaldprotaskipta og þá muni ekkert fást upp í kröfur.

Frá þessu var greint í DV en ekki náðist í Gunnar Birgisson, framkvæmdastjóra Klæðningar, út af þessu máli og því óvíst hvort rekstrarerfiðleikar fyrirtækisins hafi áhrif á áframhaldandi framkvæmdir við snjóflóðavarnargarðana á Flateyri.

Suðureyri

Freyja og Bása-fell leigja bát

Um 40 manns starfa nú hjá Freyju hf. á Suðureyri en að sögn Óðins Gestssonar, framkvæmdastjóra, þá hefur gengið nokkuð vel að halda uppi starfsemi þó hræfni til vinnslunnar mætti væri meira.

Sjö smábátar leggja upp hjá fyrirtækinu sem nú nýverið leigði 40 tonna bát

ásamt Básaelli hf. og er báturinn gerður út á línu. Freyja sér um útgerð bátsins en afli hans skiptist á milli fyrirtækjanna, 60% til Freyju og 40% til Básaells.

Mjög vel hefur aflast hjá bátunum á Suðureyri og hefur meðalafli undanfarið numið 200-250 kílóum á bala.



FVÍ á Ísafirði

Kaupir hermi til vélstjórnarkennslu

Framhaldsskóli Vestfjarða á Ísafirði íhugar nú kaup á „hermi“ til vélstjórnarkennslu á I. og II. stigi vélstjórnarnáms skólans. Að sögn Björns Teitssonar, skólameistara, hefur umræða um nauðsyn þess að skólinn eignaðist slíkan vélhermi farið fram um tíma en ekki hefur orðið af kaupum vegna þess hve búnaður af þessu tagi hefur verið dýr. Björn nefnir sem dæmi; að „hermir“ sem Verkmennaskólinn á Akureyri á, hafi kostað 30 milljónir króna en nemendur vélstjórnarbrautar Framhaldsskóla Vestfjarða hafa af

og til verið sendir í þjálfun í „hermi“ þeirra Akureyringa.

Björn segir að Fjölbrautaskólinn í Keflavík hafi komist á snóðir um enskan vélhermi og hafi haft forgöngu um að fá tilboð frá framleiðandanum í „herma“ fyrir fjóra skóla. Hann segir að samningar hafi náðst við framleiðandann og að endanlegt verð fyrir hvern hermi verði 3 milljónir króna. Athugun á fjármögnun stendur yfir og segir Björn hana hafa gengið það vel að hann sé bjartsýnn að af kaupunum geti orðið.